

Umhverfis- og auðlindaráðuneytið  
Skuggasundi 1-3  
101 Reykjavík

sent í gegnum samráðsgátt

Reykjavík, 10. janúar, 2023

### Umsögn Landverndar um Frumvarp til laga um breytingu á lögum um Orkusjóð, mál nr. 250/2022

Stjórn Landvernd hefur kynnt sér ofangreind áform og telur ólíklegt að þau séu málaflokknum til framdráttar. Óljóst er ýjað að því að fleiri (eða mögulega allir) sjóðir á vegum URN sem veita styrki til verkefna verði sameinaðir í einn undir merkjum orkusjóðs en stjórn Landverndar leggst alfarið gegn því. Þá er óljóst hvernig styrkir til hringrásarhagkerfisins eiga að falla undir hlutverk orkusjóðs, þó orku- og loftslagsmál eigi margt sameiginlegt.

Mikilvægt er að styrkja Loftslagssjóð, sem hefur frá upphafi verið verulega vanfjármagnaður. Í því sambandi er rétt að rifja upp að í upphaflegri útgáfu laga um loftslagsmál, nr. 70/2012, var kveðið á um að tekjur sjóðsins myndu nema helmingi þeirra tekna sem íslenska ríkið hefði af sölu losunarheimilda í ETS-kerfinu. Er það í anda 3. mgr. 10. gr. tilskipunar 2003/87/EB<sup>1</sup>, sem segir að nota skuli a.m.k. 50% af tekjum af uppboði á losunarheimildum í beinar loftslagsaðgerðir. Samkvæmt bráðabirgðatölum<sup>1</sup> námu tekjur ríkisins af sölu loftslagsheimilda 847 m.kr. árið 2021. Hefði helmingur þeirrar upphæðar runnið til Loftslagssjóðs, líkt og upphaflega var lagt upp með, hefðu framlög til sjóðsins numið 420 milljónum, en voru þess í stað einungis 100 milljónir á fjárlögum.


Landvernd leggst gegn þessari sameiningu loftslagssjóðs og orkusjóðs af eftirtöldum ástæðum. Mun farsælla er að veita hluta af þeim miklu fjármunum sem eru í orkusjóði til loftslagssjóðs og nýta hann til að efla fjölbreyttar aðgerðir í loftslagsmálum

- Þyngst vegur sú staðreynd að orkunotkun er langt frá því að vera eini og/eða stærsti losunarpáttur í Íslensku losunarbókhaldi. Það brýtur í bága við alvarleika ástandsins í loftslagsmálum að sameina loftslagssjóð við orkusjóð. Fremur myndi það vera í anda staðreynda að orkusjóður renni inn í loftslagssjóð þar sem við trúum því að lausnir í loftslagsmálum þurfi að ná til allra losunarpátta og fremur í samræmi við stærð losunarpátta og hversu tyrfið er að afla

---

<sup>1</sup> <https://www.althingi.is/altext/152/s/0917.html>

fjár til verkefna er varða losunarpáttinn nú þegar.



Mynd 3: Heildarlosun gróðurhúsalofttegunda á Íslandi með LULUCF frá 1990 (kt CO<sub>2</sub>-ígildi)

Mynd tekin af heimasíðu Umhverfisstofnunar

- Orkufyrirtækin í landinu og stærstu viðskiptavinir þeirra eru fjárhagslega öflug fyrirtæki sem búa yfir getur til að innleiða nýja tækni og aðgerðir og þau hafa mynda samtök sem hafa mikil áhrif á stefnumörkun og stjórnsýslu í landinu. Aðrir losunarpættir Íslands (sjá mynd) eiga erfiðara með að afla sér fjár og erfiðara getur reynst að markaðsetja lausnir í þeim efnum. Orka er söluvara en samdrátturinn sem þarf að eiga sér stað í alls kyns neyslu er það ekki en báðir þættir eru mikilvægir til þess að ná árangri í loftslagsmálum. Að einblína á lausnir í orkumálum á kostnað annara þátta loftslagsmála er í hrópandi ósamræmi við stærð losunarpáttana og alvarleika málsins.
- Loftslagssjóður er hýstur hjá Rannís sem hefur mikla reynslu af því að útdeila fé úr samkeppnissjóðum en orkusjóður er á vegum Orkustofnunar. Eðlilegast er til að tryggja að gagnsæi og hlutleysi sé sem mest að hýsa stóra sjóði hjá Rannís en ekki einsökum stofnunum. Orkusjóður nýtur ekki sama aðhalds eða trausts.

Stjórn Landverndar telur því að ef umhverfisráðuneytið vill sameina sjóði sína í einn sé ekki rétt að byggja það á orkusjóði, heldur ætti ráðuneytið að stofna nýjan sjóð (sem má kalla umhverfissjóðinn eþul) þar sem fjármagn loftslagssjóðs, orkusjóðs og annara sjóða sem óljóst eru nefndir í áformum um lagasetningu eru sameinaðir í raun og veru. Þá er nauðsynlegt að sá sjóður verði ekki byggður á grunni orkusjóðs því sjóðurinn hefur sögulega tekið mið af sjálfbærri auðlindanýtingu og náttúruvernd auk þess sem loftslagsmál eru mun stærra atriði en eingöngu orkumál eins og áður sagði.

Stjórn Landverndar leggst því alfarið gegn þessum áformum eins og þau eru kynnt nú.

Stjórn Landverndar vill einnig nýta þetta tækifæri til að benda á að URN hefur enn ekki auglýst styrki til reksturs og verkefna félagasamtaka sem hafa hingað til verið auglýst í nóvember ár hvert. Þá hefur URN hefur ekki svarað fyrirspurnum um hvað skýrir þessa óþægilegu töf. Stjórn Landverndar óttast að þetta sinnuleysi ráðuneytisins sé til komið vegna þessa að áformað sé að láta styrkfé til félagasamtaka líka renna í fyrirhugaðan orku- og loftslagssjóð. Minnt er á að félagasamtök á sviði umhverfismála gegna mjög mikilvægu lýðræðis- og eftirlitshlutverki í samfélaginu. Þá er það deginum ljósara að félagsamtök geta ekki á jafnréttisgrundvelli keppt við atvinnulífið eða háskóla þegar kemur að því að fjármagna grunnstarfsemi eins og umsagnaskrif og fræðslu. Því hafa stjórnvöld um lang ára bili styrkt þessa starfsemi sérstaklega til að stuðla að því að hún hafi bolmagn til að sinna viðurkenndu hlutverki sínu að veita aðhald og auka vitund um umhverfis- og náttúruvernd. Sé það ætlun URN sér að leggja styrki til félagasamtaka niður og setja þá inn í orkusjóð er ráðuneytið að ráðast að grunnstarfsemi umhverfisverndarsamtaka og lýðræðislegri þátttöku þeirra í opinberri ákvarðanatöku sem tryggja á skv. Árósasáttmálanum. Stjórn Landverndar vonar að sjálfsgöðu að þessi ótti sé ástæðulaus og hvetur ráðuneytið til að greina frá því hvenær búast má við því að styrkirnir verði auglýstir og hvers vegna þessi töf hefur orðið.

Virðingarfyllst,  
f.h. stjórnar Landverndar

Auður Önnu Magnúsdóttir, framkvæmdastjóri